

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 24.02.2017
Tilv. 2017/0186 - 0.0.01
HS

Efni: msögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - 128. mál

Neytendastofa vísar til tölvubréfs ritara nefndarsviðs Alþingis, dags. 10. febrúar 2017, þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Neytendastofa vill benda á að í frumvarpinu virðist ekki vera gert ráð fyrir því að greiðsla fyrir farþegaflutning sem fellur undir ákvæði þess geti verið byggð á mælingu gjaldmæla eins og áskilið er í lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, með síðari breytingum. Ljóst er að þjónusta sendibifreiða svo og stærri bifreiða til fólksflutninga. Neytendastofa telur því að undir ákvæði frumvarpsins geti fallið sala á þjónustu á farþegaflutningum í bifreið sem skráð er fyrir níu farþega eða fleiri og krafist verði greiðslu samkvæmt mælingu gjaldmælis fyrir ekna vegalengd og tímamælingu. Í þeim tilvikum sem bifreiðar sem frumvarp þetta tekur til veita þjónustu sem eðli málsins samkvæmt skal mæld með gjaldmælingu er að mati Neytendastofu brýnt að tekið verði upp sambærilegt ákvæði og er í lögum um leigubifreiðar varðandi skyldu til notkunar löggiltra gjaldmæla. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 10. gr. laga nr. 134/2001, um leigubifreiðar, sem er svohljóðandi:

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum leigubifreiðum samkvæmt lögum þessum. [Neytendastofa] hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Vegagerðin setur reglur um með hvaða hætti verðskrá leigubifreiða skal sýnileg viðskiptavinum þeirra.

Þá segir og í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 397/2003:

Leigubifreiðastjóri skal sýna verðskrá sem í gildi er óski farþegi þess.

Setning slíkra reglna er mikilvæg til þess að tryggja neytendavernd og samræmi um réttar mælingar, þar sem við getur átt. Krafa um réttar mælingar og reikningsgerð fyrir akstur samkvæmt gjaldmælum hefur einnig mikla þýðingu varðandi skattheimtu og eftirlit með þjónustu sem veitt er af slíkum þjónustuveitendum.

Jafnframt vill Neytendastofa vekja athygli á því að öll mælitæki eiga að vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014, og birt er í EES-viðbæti Stjórnartíðinda ESB nr. 16/2015, 19. mars 2015, bls. 65-166, um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði, og innleidd hefur verið með reglugerð nr. 876/2016, um mælitæki. Samkvæmt framangreindum reglum og hlutaðeigandi stöðlum er gerð krafa um að allir gjaldmælar fyrir akstur geti gefið viðeigandi kvittanir í

samræmi við nánari reglur sem einstök ríki setja að þessu leyti, sjá m.a. til hliðsjónar afrit af norskri kvittun í viðauka við umsögn þessa.

Þá telur Neytendastofa mikilvægt að sömu kröfur séu gerðar til þeirra bifreiða sem frumvarp þetta tekur til og gerðar eru til annarra, þ.m.t. leigubifreiða, varðandi sýnileika gjaldskrár. Í 1. másl. 17. gr. laga nr. 57/2005 segir að fyrirtæki, sem selur vöru eða þjónustu til neytenda, skuli merkja vöru sína og þjónustu með verða eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustöðum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Þá segir jafnframt í 1. gr. reglna um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, nr. 537/2011, með áorðnum breytingum, sbr. reglur nr. 860/2013, að fyrirtæki, einstaklingar, opinberir aðilar og aðrir sem selja þjónustu til neytenda á sölustað eða með húsgöngu- eða fjarsölu, þ.m.t. með rafrænum hætti, sé skylt að verðmerkja og upplýsa neytendur skriflega um söluverð á þjónustu til að tryggja gagnsæi í verðupplýsingum. Þá segir og í 4. gr. nefndra reglna að verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skuli ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt.

Með hliðsjón af framansögðu leggur Neytendastofa til að sett verði inn ný grein sem yrði 20. gr. og númer annarra greina myndu þá breytast samkvæmt því.

20. gr. Gjaldmælar

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum bifreiðum til farþega - og farmflutninga sem fram fara á landi í atvinnuskyni með bifreiðum gegn endurgjaldi þegar innheimt er gjald sem tekur mið af vega- og tímalengd þjónustu sem veitt er. Gjaldmælar skulu uppfylla samevrópskar reglur um búnað og kerfi með mælihlutverk eins og þau eru skilgreind í lögum og reglugerðum sem innleiða samhæfða löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu. Neytendastofa hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Neytendastofa setur jafnramt nánari reglur um með hvaða hætti verðskrá skal vera sýnileg viðskiptavinum.

Greinargerð með tillögu um nýtt ákvæði:

Um mælitæki sem notuð eru til solumælinga til neytenda gilda ákvæði laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglur settar samkvæmt þeim. Á grundvelli laganna eru m.a. innleidd ákvæði tilskipunar ESB nr. 32/2014/ESB, um mælitæki, sem innleidd hefur verið hér á landi með reglugerð nr. 876/2016. Samkvæmt framangreindum reglum skal eingöngu nota, hér á landi við solumælingar til neytenda, löggildingarhæf mælitæki sem uppfylla samhæfðar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og framleiddar eru í samræmi við samevrópska staðla sem staðlastofnun Evrópu samþykkir og birt er tilvísun til í Stjórnartíðindum ESB og á heimasíðu Neytendastofu. Í framangreindum stöðlum er að finna tæknilegar kröfur sem slík mælitæki skulu uppfylla og almennt gefa slíkar tækniforskriftir ýmsa möguleika fyrir stjórnvöld til að krefjast ýmis konar upplýsinga og skráningar á kvittun fyrir greiðslu gjaldsins. Í viðauka við umsögn þessa er að finna afrit af kvittun frá Noregi en þar má sjá að á kvittun kemur fram upphaf og lok ferðar, tímalengd, vegalengd, verð á kílómetur og verð þegar að tímamæling tekur við og loks heildarverð fyrir veitta þjónustu.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu eru ákvæði í VII. kafla laganna um eftirlit Neytendastofu með gagnsæi markaðarins. Á öllum fyrirtækjum hvílir samkvæmt framangreindum ákvæðum skýr lagaskylda til þess að leggja fram verðskrá og upplýsa neytendur á áberandi hátt um hana. Mikilvægt er að í sérlögum um farm- og farþegaflutninga á landi gæti Alþingi samræmis og jafnræðis viði lagasetningu og tryggi við setningu þessara laga, ef að lögum verður, að gætt sé að öllu leyti að almennum og samhæfðum reglum sem gilda um mælitæki til solumælinga sem og grunnreglum um

viðskiptahætti, s.s. birtingu verðskrár, o.fl.

Neytendastofa þakkar tækifæri til að koma á framfæri umsögn um þingmál þetta og óski nefndin eftir frekar upplýsingum er stofnunin reiðubúin til þess eftir því sem unnt er.

Viðauki

Nedre Romerike Taxi
ILF 09080

KUITTERING (KOP 1)
Nr: 013917-01
KONTANT

Lögurmr: C-1072
SjáfurID: 500022
Start omr: 112
Slutt omr: 204

REISEINFORMASJON
Start: 05-09-2016 09:26
Slutt: 05-09-2016 09:33

TIDSBRUK
Total: 7:09 min
Frenkjer mg: 0:20 min
Med passasjer: 5:13 min

KJØRESTREKNING
Total: 4.22 km
Frenkjer mg: 0.00 km
Med passasjer: 3.07 km

PRIS
Páslag: kr. 43.00
1-4 Dag 3.07/3km 5:19min kr. 76.33
STOPPET
1.15/ku 1:50min kr. 2.00
Total pris: kr. 119.00

Delkutting: kr. 119.00
Sum: kr. 119.00

HVA Netto kr. 10.82
J. 007: 100.18

Lra

Lil

TAXI-INFORMASJON
Hf. nr: 93060273
Regnr: QP 25531
Orgrnr: NG069573106HVA
Plombertmg: 28-08-2016 kl. 09:10

TAKST
KASINAM TVE PASLAG 00/00 KUTTING
1-4 Dag 5 43.00 17.00 300.00
TVE E: KR 05 1100.00 0: KR 0000 1100.00
05:43

TAKK FOR TÆREN
www.09080.no

Viðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Helga Sigmundsdóttir
lögfræðingur